

23. febrúar 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 10. febrúar 2006 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um hlutafélög, 444. mál, stjórnarhættir, starfskjör stjórnenda, og um frumvarp til laga um einkahlutafélög, 445. mál.

Efni frumvarpanna fellur utan sérsviðs Seðlabanka Íslands. Almennt styður Seðlabankinn þó viðleitni í þá átt að skýra og styrkja lagaákvæði um hlutverk, ábyrgð og störf stjórna, ákvörðun launakjara stjórnenda og stjórnarmanna og samskipti við hluthafa.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri